

# Listahátíð í Reykjavík 2012

Reykjavík Arts Festival

18. maí-3. júní



Allt um dagskrána og miðasala á

# listahatid.is

Gimli, Lækjargötu 3

Opið 10–16 alla daga meðan hátíðin stendur yfir.

Miðasala flyst á sýningarstað klukkustund fyrir viðburð.



# 561 2444

Miðasala á viðburði í  
Hörpu í síma 528 5050

## Listahátíð í Reykjavík Reykjavík Arts Festival

**Stjórnandi** Hrefna Haraldsdóttir

**Framkvæmdastjóri** Guðrún Norðfjörð

**Verkefnastjórar**

Gréta María Bergsdóttir

Anna Rut Bjarnadóttir

**Kynningarstjóri** Steinunn Þórhallsdóttir

**Miðasölustjóri** Sigrún Einarsdóttir

**Dagskrárnefnd Listahátíðar 2012**

Auður Ava Ólafsdóttir, rithöfundur og listfræðingur

Árni Heimir Ingólfsson, tónlistarfræðingur

Eldar Ástþórsson, verkefnisstjóri markaðsdeildar CCP

Jón Proppé, listheimspekingur

Margrét Bjarnadóttir, danshöfundur

**Verndari** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands

**Heiðursforseti** Vladimir Ashkenazy

**Formaður fulltrúaráðs**

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og

menningarmálaráðherra

**Varaformaður fulltrúaráðs**

Jón Gnarr, borgarstjórinn í Reykjavík

**Stjórn Listahátíðar**

Kjartan Örn Ólafsson, formaður

Sigurjón Kjartansson, varaformaður

Margrét Bóasdóttir, stjórnarmaður

Veggspjald Listahátíðar er hannað af Sígga Eggertssyni, sem sigraði opna samkeppni meðal hönnuða og myndlistarmanna sem Listahátíð í Reykjavík efndi til í samstarfi við Hönnunarmiðstöð Íslands.

**Hönnun og umbrot** Fítón / **Prentun** Svansprent / **Dreifing** Pósturinn



## Sjóndeildarhringurinn

**E**nginn er eyland. Þetta orðtak um mikilvægi félagslegra samskipta og samvinnu á líklega betur við um Íslendinga en flestar þjóðir. Landsmenn þurfa að taka tillit til náungans en auk þess verður samanburður við umheiminn oft að knýjandi þörf hér á landi. Í menningarlífinu er þessi samanburður sérstaklega mikilvægur þar sem listræn sköpun er byggð á metnaði og innri þörf þeirra sem taka að sér að skapa. Heilbrigður samanburður er því einkar mikilvægur þegar kemur að menningu.

Listahátíð í Reykjavík færir okkur ný viðmið og hefur gert svo í ríflega fjórutíu ár. Listamennirnir og verkefnið sem hátíðin hefur flutt til landsins hafa opnað augu landsmanna fyrir mörgu af því besta sem heimslitirnar hafa haft fram að færa. Það er ekki svo lítið fyrir smáa þjóð sem vill á sem flestum sviðum bera sig saman við það sem best gerist meðal annarra þjóða.

Það er mikilvægt að reyna að vikka út sjóndeildarhringinn og taka inn áhrif úr ólíkum áttum. Þannig lærum við bæði um umhverfi okkar og okkur sjálf. Þegar vel tekst til veita listirnar okkur ánægjulega upplifun en þær geta líka hrært upp í sálartetrinu og veitt aðra sýn á veruleikann, okkur sjálf og stöðu okkar í heiminum. Fyrir eyþjóð er sú víðsýni sem listirnar veita okkur nauðsynleg. Listahátíð í Reykjavík heldur því áfram að færa út sjóndeildarhringinn.

**Katrín Jakobsdóttir**, mennta- og menningarmálaráðherra



## Hátíð listanna

**N**ú fer Listahátíð í Reykjavík senn í hönd. Þá berast straumar menningar og lista til landsins og eins og ævinlega bíðum við með öndina í hálsinum eftir að sjá hvaða heimsfrægum listamönnum hún skolar á land.

Á Listahátíð í ár gegnir tónlistin óvenju stóru hlutverki. Meðal þeirra sem stiga á svið er goðsögnin **Bryan Ferry**, heimsklassapíanistinn **Arcadi Volodos** verður með einleikstónleika og heimstónlistin á glæsilegan fulltrúa á hátíðinni, spænsku söngkonuna **Buiku**. Annar spennandi tónlistarmaður og brautryðjandi sinnar kynslóðar er franskir popptónlistarmaðurinn **Yann Tiersen**, svo fátt eitt sé nefnt.

Auk framúrskarandi alþjóðlegra listamanna fáum við að sjá það besta sem býr í listmenningu þjóðarinnar. **Sinfóníuhljóm-sveitin** frumflytur verkið **Rómeó og Júlíu**, stórskotalið íslenskrar dægurtónlistar heldur tónleika og framsækin ung tónskáld koma okkur á óvart. Ótrúlegur fjöldi viðburða er í boði á sviði tónlistar, leik- og danslistar, bókmennta, myndlistar, hönnunar og fleiri listgreina.

„Ég get ekki sagt til um hvað muni gerast,“ sagði Bryan Ferry einu sinni við eitthvert tækifæri og ég tek svo sannarlega undir það. Listahátíð er óhrædd við að ögra og veit sem er að aldrei er hægt að gera öllum til geðs. Það eina sem er öruggt er að á Listahátíð finnum við eitthvað allt annað en í stofunni heima – og sumir nákvæmlega það sem þeir leituðu að.

Njótíð Listahátíðar í Reykjavík!  
**Jón Gnarr**, borgarstjóri



## Góðir gestir

**L**istin ögrar okkur til nýrrar hugsunar, gleður okkur og nærir andann. Hún sýnir okkur óvæntar hliðar á tilverunni og getur dýpkað skilning og skynjun okkar á sjálfum okkur og umhverfi okkar. Allt frá upphafi hefur fjölbreytni og metnaður einkennt Listahátíð, þar sem erlendir listamenn í fremstu röð sækja okkur heim og íslenskir listamenn sýna á sér spennandi hliðar.

Í ár skipar myndlist stóran sess á dagskránni undir heitinu „*Sjálfstætt fólk*“ / (*Independent People*). Í þessu yfirgrípsmikla verkefni mætast tugir samstarfshópa listamanna frá Íslandi, Norðurlöndunum og víðar. Samstarf og frumkvæði listamanna er rauði þráðurinn í sýningunni, enda sjálfíð sett í sviga.


Dagskráin er klassísk og framsækin í senn; ýmis stórvirki sígildrar tónlistar verða á dagskrá með flytjendum og stjórnendum í fremstu röð. Ung og upprennandi tónskáld færa okkur líka það nýjasta úr smíðju sinni og stórstjórnur í heims- og dægurtónlist koma fram. Húslestrarnir okkar verða haldnir heima í stofum rithöfunda viðs vegar um borgina og leikhús og dans hafa margar birtingarmyndir á dagskránni.

Á undanförunum árum hefur ungu fólki sem sækir viðburði Listahátíðar fjölgað til muna. Ein ástæða þessa er áreiðanlega vakning um mikilvægi listrænnar upplifunar í kjölfar uppstokkunar og endurskoðunar gilda. En fjölbreyttir viðburðir og hagstætt miðaverð stuðla án efa líka að þessari ánægjulegu þróun.

Listahátíð er mikilvægt hreyfiafi í menningarlífi okkar þar sem við fáum að njóta framúrskarandi erlendra listviðburða og tefla fram því besta í íslenskri menningu. Við deilum og njótum og gefum með því móti tilveru okkar aukna merkingu og ríkara innihald.

Velkomin á Listahátíð 2012.

**Hrefna Haraldsdóttir**, stjórnandi Listahátíðar í Reykjavík







VISSIR ÞÚ ...  
DID YOU KNOW...

... að **Norraena húsið** er hannað af hinum heimsfræga arkitekt Alvar Aalto? Húsið og nágrenni þess hefur svo verið fyllt af bókum, listum, sýningum og góðum mat fyrir þig til að njóta. **Norraena húsið** nærir líkama og sál; það er vettvangur sköpunarkraftsins, það er hús fyrir þig.

...that the **Nordic house** was designed by the legendary architect Alvar Aalto? The house and its surroundings has now been filled with books, art, exhibitions and good food for you to enjoy. The **Nordic house** nourishes the body and soul; it oozes creativity, it's your house.

# Listahátíð í Reykjavík 2012

## Reykjavík Arts Festival

### 18. maí-3. júní

#### föstudagur 18. maí

**Á vit.....7**  
Íslenski dansflokkurinn og GusGus.  
Harpa, Norðurljós og opin rými kl. 21

#### laugardagur 19. maí

**(I)ndependent People ..... 23**  
Myndlist á Listahátíð 2012.  
Opnanir allra sýninga. Fjöldi  
sýningarstaða.

**Á vit.....7**  
Íslenski dansflokkurinn og GusGus.  
Harpa, Norðurljós og opin rými kl. 21

#### sunnudagur 20. maí

**(I)ndependent People ..... 23**  
Alþjóðlegt málþing.  
Norræna húsið kl. 13-17

**Kammersveit Reykjavíkur  
flytur Bach svíturnar ..... 8**  
Stjórnandi Richard Egarr.  
Harpa, Eldborg kl. 14

**Gamli maðurinn og hafið..... 18**  
Brúðuleikhúsværk eftir Bernd  
Ogrodnik. Þjóðleikhúsið kl. 17

**Arcadi Volodos ..... 6**  
Píanótónleikar.  
Harpa, Eldborg kl. 20

#### mánudagur 21. maí

**Ragnar Kjartansson ..... 20**  
Bliss, myndbandsverk.  
Þjóðleikhúsið kl. 12-24

**Splunkunýtt leikrit:  
Trans ..... 13**  
eftir Sigtrygg Magnason.  
Strawberries, Lækjargötu 6a kl. 19

**Gamli maðurinn og hafið..... 18**  
Brúðuleikhúsværk eftir Bernd  
Ogrodnik. Þjóðleikhúsið kl. 19.30

#### þriðjudagur 22. maí

**Gamli maðurinn og hafið..... 18**  
Brúðuleikhúsværk eftir Bernd  
Ogrodnik. Þjóðleikhúsið kl. 19.30

**Splunkunýtt leikrit:  
Víski tangó..... 13**  
eftir Jón Atla Jónasson.  
Fornbókabúðin Bókin,  
Klapparstíg 25-27 kl. 20

#### miðvikudagur 23. maí

**Anna Þorvaldsdóttir  
Samruni ..... 10**  
Harpa, Kaldalón kl. 20

**Splunkunýtt leikrit:  
Tókstu eftir himninum í  
morgun? ..... 13**

eftir Kviss Búmm Bang.  
Laugar Spa, Sundlaugarvegi 30a  
kl. 20 og 21

**Glymskrattinn ..... 18**  
Danstónleikar.  
Þjóðleikhúskjallarin kl. 20

#### fimmtudagur 24. maí

**Splunkunýtt leikrit:  
Opið hús..... 13**  
eftir Hrafnhildi Hagalín.  
Hverfisgata 52 kl. 20

#### föstudagur 25. maí

**Rómeo og Júlía..... 21**  
Tónverk eftir Hector Berlioz.  
Sinfóníuhljómsveit Íslands undir  
stjórn Ilan Volkov. Harpa, Eldborg  
kl. 19.30

**Glymskrattinn ..... 18**  
Danstónleikar.  
Þjóðleikhúskjallarin kl. 22.30

#### laugardagur 26. maí

**Splunkunýtt leikrit:  
Trans ..... 13**  
eftir Sigtrygg Magnason.  
Strawberries, Lækjargötu 6a kl. 13

**Víski tangó..... 13**  
eftir Jón Atla Jónasson.  
Fornbókabúðin Bókin, Klapparstíg  
25-27 kl. 14

**Opið hús..... 13**  
eftir Hrafnhildi Hagalín.  
Hverfisgata 52 kl. 15

**Tókstu eftir himninum í  
morgun? ..... 13**  
eftir Kviss Búmm Bang. Laugar  
Spa, Sundlaugarvegi 30a kl. 16 og 17

**Húslestrar á heimilum  
rithöfunda ..... 14**  
Hallgrímur Helgason kl. 14  
Þórarinn Leifsson kl. 15  
Anton Helgi Jónsson kl. 16

**Gamli maðurinn og hafið..... 18**  
Brúðuleikhúsværk eftir Bernd  
Ogrodnik. Þjóðleikhúsið kl. 19.30

#### sunnudagur 27. maí

**Christoph Prégardien ..... 19**  
Þýski tenórinn Prégardien, Ulrich  
Eisenlohr, píanó.  
Harpa, Norðurljós kl. 15

**Bryan Ferry ..... 15**  
Harpa, Eldborg kl. 21

#### mánudagur 28. maí

**Húslestrar ..... 14**  
Steinunn Sigurðardóttir kl. 14  
Margrét Örnólfsdóttir kl. 15

Guðmundur Andri Thorsson kl. 16  
Ragna Sigurðardóttir kl. 17

**Bryan Ferry ..... 15**  
Harpa, Eldborg kl. 21

#### þriðjudagur 29. maí

**Námskeið (Master Class) ..... 19**  
Fyrir söngvara/píanóleikara með  
Prégardien og Eisenlohr.  
Harpa, Kaldalón kl. 10-17

#### miðvikudagur 30. maí

**Húslestur á þýsku ..... 14**  
Einar Kárason kl. 17

**Pétur Gautur ..... 16**  
Verðlaunasýning frá Luzern  
leikhúsinu í Sviss.  
Þjóðleikhúsið kl. 19.30

#### fimmtudagur 31. maí

**Húslestur á þýsku ..... 14**  
Yrsa Sigurðardóttir kl. 17

**Yann Tiersen ..... 12**  
Ásamt hljómsveit.  
Harpa, Norðurljós kl. 21

#### föstudagur 1. júní

**Páll Ragnar Pálsson, Kátínu-  
vísindin og fleiri verk ..... 10**  
Harpa, Kaldalón kl. 17

**Húslestur á þýsku ..... 14**  
Kristín Marja Baldursdóttir kl. 17

**Bræður - fjölskyldusaga ..... 17**  
Fjölbjóðleg sýning fjögurra  
leikhúsa. Frumsýning,  
Borgarleikhúsið kl. 20

**Glymskrattinn ..... 18**  
Danstónleikar.  
Þjóðleikhúskjallarin kl. 22.30

#### laugardagur 2. júní

**Berglind María Tómasdóttir,  
Ég er eyja ..... 10**  
Harpa, Kaldalón kl. 17

**Bræður - Fjölskyldusaga ..... 17**  
Fjölbjóðleg sýning fjögurra  
leikhúsa. Borgarleikhúsið kl. 20

**Hljómskálinn ..... 11**  
Framvarðarsveit íslenskrar  
tónlistar. Harpa, Eldborg kl. 20.30


**Glymskrattinn ..... 18**  
Danstónleikar.  
Þjóðleikhúskjallarin kl. 22.30

#### sunnudagur 3. júní

**Anna, Tinna og  
tveir flyglar ..... 20**  
Verk eftir Olivier Messiaen. Harpa,  
Norðurljós kl. 11.30

**Glymskrattinn ..... 18**  
Danstónleikar.  
Þjóðleikhúskjallarin kl. 16

**Buika ..... 9**  
Lokátónleikar Listahátíðar.  
Harpa, Eldborg kl. 20





Harpa, Eldborg  
sunnudaginn 20. maí kl. 20  
Miðaverð: 4.500 kr. / 5.900 kr.

# Einleikstónleikar rússneska píanósnillingsins

# Arcadi Volodos

Arcadi Volodos er einstakur meðal píanóleikara og tækni hans og tjáning þykja óviðjafnanleg. Hann sver sig í ætt við gömlu meistarana hvað varðar frelsi í leik og tónmyndun. Að margra mati virðist tækni hans engin takmörk sett og hann á jafn auðvelt með að spila á tilfinningastrengi með undursamlegum einfaldleika og næmni og að framkalla stórkostlegar flugeldasýningar.

Fyrsta geislaplata Volodos, sem kom út árið 1997, fékk frábærar viðtökur og einstaka dóma og í kjölfarið var honum boðið að koma fram í mörgum af stærstu tónlistarhúsum heims.

Hann hlaut Gramophone verðlaunin árið 2010 fyrir nýjustu geislaplötuna sína Volodos in Vienna.

Endurmenntun HÍ býður upp á námskeið í tengslum við tónleikana.

Skráning á [www.endurmenntun.is](http://www.endurmenntun.is)

**Arcadi Volodos**, celebrated as a “keyboard genius”, is without a doubt one of today’s most outstanding and internationally acclaimed pianists. Whether in concert or on recordings, his performance is always marked by a combination of breathtaking technical virtuosity and profound and expressive musicality.

*Harpa, May 20, 8 pm.*

#### Efnisskrá:

Sónata í a-moll, D 784 (ópus 143) eftir Franz Schubert  
Prjú Intermezzo ópus 117 eftir Johannes Brahms  
Sónata í h-moll eftir Franz Liszt



Tónleikar Volodos eru samstarfsverkefni Listahátíðar og Hörpu.

„Ég hef lengi litið upp til Arcadi Volodos, hann er einstakur meðal núlifandi píanista. Það er mikill stórviðburður að fá hann á Listahátíð 2012.“

Víkingur Heiðar Ólafsson, píanóleikari.

# Á vit...

## Íslenski dansflokkurinn og GusGus bjóða í óvænt ferðalag

Í samstarfi við Hörpu og Listahátíð í Reykjavík munu Íslenski dansflokkurinn og GusGus bjóða til veislu, þar sem sameinaðir eru kraftar ólíkra listforma og frumsýndar verða stuttmyndir Reynis Lyngdal og Katrínar Hall. Filippía Elísdóttir og Aðalsteinn Stefánsson sjá um umgjörð verksins, leikmynd og búninga. Sameinaður skópunar-kraftur hópsins með dansara flokksins í fararbroddi ásamt nýrri frumsaminni tónlist frá GusGus er uppspretta verksins. Á vit... býður áhorfendum í ferðalag þar sem dans, tónlist og myndir kalla fram framandi viðbrögð skilningarvitanna. Þetta er óhefðbundið verkefni sem leiðir okkur inn í veröld – iðandi af lífi og óvæntum upptökum.

**Journey is an unconventional piece where the interplay of dance, music and film brings to light unexplored emotions from the audience. Iceland Dance Company and dance-music icon GusGus join forces to create a piece, not bound by one particular artform, to the premiere of short films by Reynir Lyngdal and Katrin Hall. The audience is taken on a magnificent journey into a world created by some of Iceland's greatest artist, a world bursting with life and unexpected occurrences.**

*Harpa, May 18 & 19, 9 pm.*





# Kammersveit Reykjavíkur

## flytur hljómsveitarsvitur Bach undir stjórn Richard Egarr

Hljómsveitarsviturarnar fjórar eftir Johann Sebastian Bach teljast meðal mestu snilldarverka tónskáldsins. Tónleikarnir á Listahátíð eru fyrstu tónleikar Kammersveitar Reykjavíkur í Eldborg og jafnframt fyrstu tónleikarnir sem að öllu leyti eru helgaðir meistara Bach. Kammersveit Reykjavíkur hefur fyrir löngu getið sér gott orð fyrir framúrskarandi túlkun á verkum Bach og flytur sviturarnar nú undir stjórn Richards Egarr, sem þekktur er fyrir sérlega lífliga túlkun barokk-tónlistar. Richard Egarr er aðalstjórnandi Academy of Ancient Music í London og er eftirsóttur stjórnandi hjá hljómsveitum um allan heim en sem einleikari er hann jafnvígur á sembal, orgel og píanó.

Kammersveitin hefur um nokkurra ára skeið vonast eftir að fá að vinna með Egarr og er mikið gleðiefni að af því getur orðið á Listahátíð í Reykjavík 2012. Martial Nardeau túlkar einleikshlutverk og bregður á glens með tréflautuna sína í hinum fjöruga „Badinerie“-þætti. Allar sviturarnar hefjast á forleik í frönskum stíl en svo fylgir röð mismunandi dansþátta og má búast við að tónleikagesti langi til að stíga léttan menúett þegar þeir ganga út í vorið að loknum tónleikum.

### **The Reykjavik Chamber Orchestra plays Bach Suites conducted by Richard Egarr.**

The four Orchestral Suites by J.S. Bach are considered to be among the composer's masterpieces, and will be performed by The Reykjavik Chamber Orchestra conducted by Richard Egarr. This concert will be the first occasion that the Reykjavik Chamber Orchestra plays in the main hall of Harpa, Eldborg, and will also be the first concert in that hall dedicated solely to the music of Bach.

*Harpa, May 20, 2 pm.*

Áttu miða á tónleika Volodos?

Þá býðst þér 1.000 kr. afsláttur á þessa tónleika. Hafðu samband í miðasölusíma 528 5050

„The Leonard Bernstein of Early music“



„Í Buiku mætast á áhrifamikinn hátt allar birtingarmyndir ástríðunnar holdgerðar, frá þeim björtustu til þeirra allra myrkustu.“

Pedro Almodóvar

Harpa, Eldborg,  
sunnudaginn 3. júní kl. 20  
Miðaverð: 4.900 kr.

# Buika

## Ástríðufulla röddin

Ótamdar tilfinningar og kraftur einkenna spænsku söngdrottninguna Buiku sem leggur leið sína á Listahátíð í vor. Hás og tregafull rödd hennar er einfaldlega einstök sem maður ánetjast strax við fyrstu hlustun. Buika hefur magnaða sviðsframkomu og einstaklega blæbrigðaríka túlkun, sem nær að snerta alla tilfinningastrengi áhorfenda. Tónlistin er blanda af blús, jazzi, sálartónlist og spænskum tregasöngvum og Buika kemur hingað til lands með hljómsveit skipaða framúrskarandi hljóðfæraleikurum. Buika er ættuð frá Miðbaugs-Gíneu en fæddist og ólst upp í sígaunaporpi á Mallorca. Hún starfar í Bandaríkjunum og er stórt nafn í heimstónlistargeiranum, en hefur einnig starfað með fjölda þekkra popptónlistarmanna, meðal annarra Nelly Furtado og Seal.

Hún syngur tvö lög í nýjstu kvikmynd spænska leikstjórans Pedro Almodóvar, La piel en que habito. Rödd Buiku hefur verið líkt við rödd Ninu Simone, Tinu Turner og goðsögnina Chavelu Vargas frá Mexíkó. Buika hefur oft sinnis verið tilnefnd til verðlauna fyrir tónlist sína, nú síðast til tvennra verðlauna á Latin Grammy Awards 2010 fyrir bestu upptöku ársins á laginu Se Me Hizo Facil og fyrir bestu geislaplötuna El último trago. Nýjasti diskur hennar, En mi piel, kom út árið 2011 og á honum flytur hún ýmis lög frá ferlinum, líkt og hún mun gera á tónleikunum á Listahátíð.

**Buika** is one of the most peculiar and original Spanish artists around. She is the daughter of political refugees from the African nation of Equatorial Guinea and grew up in a gypsy neighbourhood on the Spanish island of Mallorca. Her husky and layered voice has won her the title of “Flamenco Queen” and her powerhouse performances have become a true revelation to those who thought flamenco had little left to contribute to Spanish music and jazz. The programme will feature songs from Buika’s career.

Harpa, June 3, 8 pm.

„Geislandi... tilkomumikil  
... stórkostleg söngkona!“

New York Times



# Tónleikabrenna í Kaldalóni

## Flakk

Á Listahátíð í Reykjavík verða tónleikar þriggja tónskálda sem kynna nýja tónlist sína. Þau eiga það sameiginlegt að búa erlendis og koma sjaldan fram á Íslandi og er því mikill fengur að því að fá þau á Listahátíð. Tónskáldin eru Anna Þorvaldsdóttir, Berglind María Tómasdóttir og Páll Ragnar Pálsson og halda þau tónleika hvert fyrir sig í Kaldalóni.

### Anna Þorvaldsdóttir - Samruni

miðvikudaginn 23. maí kl. 20

Á þessum raftónleikum mætir skrifuð hljóm-sveitartónlist raftónlist, tilraunakenndu hip hopi og drone-tónlist. Anna Þorvaldsdóttir tónskáld frumflytur ný rafverk sem unnin eru úr hljóm-sveitarverkum hennar en tónleikarnir verða heildarupplifun hins hljóðræna og sjónræna, þar sem einnig verða flutt vídeóverk eftir tónskáldið. Sérstakir gestir á tónleikunum verða bandaríski

raftónlistarmaðurinn og DJ-inn Mike Gao og hljóðlistamaðurinn Curver, sem einnig munu flytja eigin remix sem unnin eru úr tónlist Önnu. Anna Þorvaldsdóttir er eftirtektarvert tónskáld sem þrátt fyrir ungan aldur hefur markað sín spor í nútímatónlist og hlotið verðskuldaða athygli. Hún hlaut tvenn verðlaun á Íslensku tónlistar-verðlaununum 2011.

### Páll Ragnar Pálsson - Kátínuvísindin og fleiri verk í flutningi Duo Harpverk og Tui Hirv

föstudaginn 1. júní kl. 17

Kátínuvísindin, eftir Pál Ragnar Pálsson, er verk í tveimur þáttum þar sem ljóð Eiríks Arnar Norðdahl, Hýperbólusetning og Parabólusetning, renna saman við hörpu, ásláttarhljóðfæri og rödd svo úr verður eitt magnað hljóðfæri. Verkið er nú frumflutt hér á landi af þeim Tui Hirv, sópransöngkonu, og Duo Harpverk; Katie Buckley, hörpuleikara og Frank Aarnink, ásláttarleikara.

Auk þess mun Duo Harpverk frumflytja verk eftir Völu Gestsdóttur, Pétur Grétarsson og rússneska tónskáldið Andrew Gen. Popoff. Andrew segir um verk sitt Dance on the Water að í því noti hann hljóð til að túlka þær sjónrænu taktbreytingar sem sjá má á yfirborði vatns af völdum vinds, sólar-glampa, skordýra sem skauta á yfirborðinu eða fallinna blóma.

### Berglind María Tómasdóttir - Ég er eyja

laugardaginn 2. júní kl. 17

Þjóðareinkenni, auðkenni og önnur sérkenni eru inntak sýningarinnar Ég er eyja eftir Berglindi Maríu Tómasdóttur. Notast er við vídeó, vettvangsupptök, heimasmíðað hljóðfæri, flautur og fleira í um klukkustundarlöngu

margmiðlunarverki sem flutt er af höfundinum sjálfum og tónlistarmanninum fjölhæfa Davíð Þór Jónssyni. Sýningin inniheldur einnig vídeóverk unnin í samstarfi við Frankie Martin.

**Kaldalón Concert Series.** Three exciting and prominent composers showcase new music in a three-concert-series in the new concert hall Harpa, Kaldalón Hall. **Anna Þorvaldsdóttir - Orchestronics:** Harpa, May 23, 8 pm. Composer Anna Þorvaldsdóttir performs new electronic pieces, premiering electronic collages of her written music for orchestra. The concert will be a unified audio-visual experience, as the music will be accompanied by video art by the composer. **Páll Ragnar Pálsson - The Merry Science and Other Works:** Harpa, June 1, 5 pm. The Merry Science by Páll Ragnar Pálsson uses the poems, Hyperbolic Inoculation and Parabolic Inoculation, by Eiríkur Örn Norðdahl and combines harp, percussion and voice seamlessly into one magical instrument, performed by Duo Harpverk and soprano Tui Hirv. **Berglind María Tómasdóttir - I'm an Island:** Harpa, June 2, 5 pm. In an hour long multimedia show, musician and interdisciplinary artist Berglind María Tómasdóttir explores the multifaceted nature of identity. Performing with her is the musician Davíð Þór Jónsson.

# Stórtónleikar Hljómskálans

Listahátíð hefur fengið hina geðþekku og glúrnu Hljómskálamenn, Sigtrygg Baldursson, Guðmund Kristinn Jónsson og Braga Valdimar Skúlason, til að blása til sérlegrar tónlistarveislu í Eldborg, með tilheyrandi pompi, prakt og almennu húllumhæi. Þekktir, kunnir og jafnvel alræmdir tónlistarmenn koma fram á tónleikunum og flytja lög og samstarfverkefni úr þáttunum, en einnig verða frumflutt ný og spennandi verk – með það fyrir augum að trylla gesti Hörpu úr listrænni upplifun.

## Fram koma:

Ágústa Eva Erlendsdóttir  
Baggalútur  
Björn Jörundur Friðbjörnsson  
Bogomil Font  
Egill Sæbjörnsson  
Greiningardeild Hljómskálans  
Guðmundur Pétursson  
Helgi Svavar  
Hjálmar  
Jimi Tenor  
Jónas Sigurósson  
Lay Low  
Kjartan Hákonarson  
Kristinn Snær  
Magnús Þór Sigmundsson  
Megas  
Memfismafían  
Mikael Svensson  
Óttarr Proppé  
Pálmi Gunnarsson  
Ragnhildur Gísladóttir  
Sigurður Guðmundsson  
Valdimar  
Valdimar Kolbeinn Sigurjóns.  
Samúel Jón Samúelsson  
Snorri Sigurðarson  
Unnsteinn Manuel Stefánsson  
Þorsteinn Einarsson

**The Bandstand.** The charismatic and quirky frontmen of the successful and incredibly popular television music-show *The Bandstand* (Hljómskálinn) line up the very best in Icelandic music for a big music party. A whole team of well known, prominent, and infamous artists will perform their songs and collaborations, as well as premiering new material in order to wow the audience at Harpa with their creative synergy.

*Harpa, June 2, 8:30 pm.*





# Franski frumkvöðullinn

# Yann Tiersen

Franski tónlistarmaðurinn Yann Tiersen er einn frumlegasti brautryðjandi sinnar tónlistarkynslóðar og dáður fyrir marglaga og djúpa músík sína sem hann setur fram í heillandi og melódískum tónsmíðum. Ákveðinn hljómur er einkennandi í tónlist hans sem þekkjama á fjölda ólíkra hljóðfæra sem hann notar gjarnan saman: gítar, synthesizer eða fiölu með hljóðfærum á borð við melódikku, xylofón, leikfangapíanó, harpsicord, harmonikku og jafnvel ritvél. Yann Tiersen sló rækilega í gegn víða um heim með tónlist sinni í frönsku kvikmyndinni Amélie og hefur undanfarna mánuði fylgt nýjustu plötu sinni Skyline eftir á tónleikaferðalagi um Evrópu og Bandaríkin en þaðan kemur hann beint til Íslands ásamt hljóm sveit sinni.

Yann Tiersen og félagar, þeir Stéphane Bouvier, Robin Allender, Lionel Laquerriere, Neil Turpin og Færeyingurinn Olavur Jakupsson, hafa sett saman sérstakt órafmagnað tónleikaprógramm úr Skyline fyrir Íslendinga.

**Yann Tiersen.** Celebrated composer and multi instrumentalist Yann Tiersen will perform a special acoustic version of his new album Skyline. Tiersen is a renowned and startlingly unique artist whose early albums merged cutting edge classical with flourishes of folk with the bristly energy of post punk. While these works attracted a dedicated fan base it was his soundtrack to the beloved indie film "Amélie" which introduced Tiersen to a far wider audience. Since then Tiersen has continued to attract fans with a continuously evolving sound and memorable live performances at everything from distinguished concert halls to rock festivals.

*Harpa, May 31, 9 pm.*

**„Lögin á Skyline eru stórkostlegt safn gullmola sem gleður stóran hóp áheyranda“**

The Guide, Dominic Smith

# Fjögur splunkuný leikrit frá óvæntum sjónarhornum

Í fyrra pöntuðu Listahátíð í Reykjavík og Útvarpsleikhúsið fjögur ný leikverk af íslenskum leikritahöfundum og afraksturinn verður leiklesinn með tilþrifum á Listahátíð í vor á óvenjulegum sýningarstöðum. Í framhaldinu verða verkin þróuð fyrir Útvarpsleikhúsið og flutt þar næsta vetur. Höfundarnir hafa fengið til liðs við sig reynda leikstjóra og leikara til að sviðsetja verkin á stöðum sem falla að innihaldi hvers þeirra, en hafa ekki áður verið notuð sem leikhús. Við flutninginn, sem jafnframt er útvarpsupptaka, fá gestir að sjá það sem útvarpshlustendum er venjulega hulið, en takmarkaður fjöldi áhorfenda kemst fyrir á hverri sýningu. **Námskeið um Splunkuný leikrit** hjá Endurmenntun HÍ, sjá [www.endurmenntun.is](http://www.endurmenntun.is)

## Trans

*eftir Sigtrygg Magnason*

Strawberries, Lækjargötu 6a, 101 R.

Mánudagur 21. maí kl. 19

Laugardagur 26. maí kl. 13

Leikstjóri: Stefán Hallur Stefánsson

Leikarar: Svandís Dóra Einarsdóttir, Björn Thors,

Þórunn Arna Kristjánsdóttir og Jóhann Sigurðarson

## Viskí tangó

*eftir Jón Atla Jónasson*

Fornbókabúðin Bókin, Klapparstíg 25-27, 101 R.

Þriðjudagur 22. maí kl. 20

Laugardagur 26. maí kl. 14

Leikstjóri: Jón Páll Eyjólffsson

Leikarar: Damon Younger og Arndís H. Egilsdóttir

## Opið hús

*eftir Hrafnhildi Hagalín*

Hverfisgötu 52. 4.h., 101 R.

Fimmtudagur 24. maí kl. 20

Laugardagur 26. maí kl. 15

Leikstjóri: Kristín Eysteinsdóttir

Leikarar: Unnur Ösp Stefánsdóttir,

Ellert Ingimundarson, Kristbjörg Kjeld,

Erlingur Gíslason og Björn Thors

## Tókstu eftir himninum í morgun?

*eftir Kviss Búmm Bang*

Laugar Spa, Sundlaugarvegi 30a, 105 R.

Miðvikudagur 23. maí kl. 20 og 21

Laugardagur 26. maí kl. 16 og 17

Höfundur og leikstjóri: Kviss Búmm Bang

**Brand New Icelandic Plays!** Four playwrights have been working hard, since this autumn, on brand new plays to be premiered at the Reykjavík Arts Festival and as radio dramas for the Icelandic National Broadcasting Service. The plays will be performed before a live audience, as well as for radio listeners, who will get a fantastic opportunity to experience a new play in close proximity to the artists, from new and different perspectives. Detailed information on [www.artfest.is](http://www.artfest.is).





Á íslensku: 26. og 28. maí  
Á þýsku: 30., 31. maí og 1. júní  
Tímar og heimilisföng á listahatid.is  
Miðaverð: 1.000 kr.

# Húslestrar

## heima í stofum rithöfundar

Tíu höfundar bjóða heim í húslestra og er þetta í fjórða sinn sem gestum gefst færi á að heyra og sjá uppáhaldshöfund sinn á Listahátíð. Örfá sæti eru í boði á þessa einstöku viðburði með fjölbreytilegum skáldskap; ljóðum, sögubrotum, barnabókmenntum, útgefnu efni og óbirtu. Höfundarnir sem bjóða heim í ár eru **Anton Helgi Jónsson, Guðmundur Andri Thorsson, Hallgrímur Helgason, Margrét Örnólfsdóttir, Ragna Sigurðardóttir, Steinunn Sigurðardóttir og Þórarinn Leifsson.**

Nýmæli í ár eru þrjú húslestrar á þýsku í framhaldi af góðum viðtökum í haust, þegar Ísland var heiðursgestur á bókasýningunni í Frankfurt. Húslestrarnir á þýsku eru hjá **Einari Kárasyni, Yrsu Sigurðardóttur og Kristínu Marju Baldursdóttur** og eru samstarf Listahátíðar og Sögueyjunnar Íslands.

**Readings at Writers' Homes in Icelandic and German.** The readings offer a unique opportunity to get up close and personal with the authors and their work. The material presented can be poetry, prose or children's literature, both published and unpublished. These are once-only events and admittance is limited. Three Icelandic authors will give their readings in German, a follow up of Iceland's successful participation in the Frankfurt Book Fair 2011, where it was the guest of honour. The German readings are held in a collaboration with Sagenhaftes Island.

*In Icelandic May 26. and 28. In German May 30., 31. and June 1.*

Detailed information on [artfest.is](http://artfest.is)





Harpa, Eldborg  
27. og 28. maí kl. 21

Miðaverð: 6.990 kr./9.990 kr./13.990 kr./16.990 kr.

# Goðsögnin Bryan Ferry

Goðsögnin Bryan Ferry kemur hingað til lands ásamt hljómsveit og heldur tvenna tónleika á Listahátíð. Bryan Ferry á yfir fjögurra áratuga farsælan feril sem höfuðpaur hljómsveitarinnar Roxy Music, en einnig hefur hann átt afkastamikinn sólóferil og gefið út fjölda breiðskífa með smellum á borð við Let's Stick Together, Slave to Love, Don't Stop the Dance og fleiri. Hér eru á ferð sannkallaðir stórtónleikar, þar sem á fjórða tug tónlistar- og tæknimanna eru með í för til að sjá um að bæði tónlist og sjónræni hluti tónleikadagskrárinnar skili sér með þeim brag sem hæfir hljótleikum Bryan Ferry. Þetta eru fyrstu tónleikar hans síðan hann lauk Olympia tónleikaferð sinni í London í desember í fyrra, sem samanstóð af 50 tónleikum og uppselt var á þá alla.

Tónleikar Bryan Ferry á Listahátíð í Reykjavík marka upphaf alþjóðlegra Nelson Mandela daga á Íslandi, Nelson Mandela Days 2012, sem haldnir eru til heiðurs Mandela og hugsjónum hans.

„The coolest man in pop“

The Sunday Times

**Bryan Ferry** is one of pop music's most successful international stars. This is Ferry's first concert this year, and his first since he finished his Olympia tour in London in December last year.

The Bryan Ferry concert in Reykjavik also marks the opening of the international Nelson Mandela Days in Iceland 2012, which are held in honour of Mandela and his ideals in collaboration with the Nelson Mandela Foundation.

*Harpa, May 27 & 28, 9 pm.*



„Kraftmikil uppsetning sem skilur eftir sig stórar spurningar um lífið og tilveruna“

Nachkritik

Þjóðleikhúsið, Stóra svið  
miðvikudaginn 30. maí kl. 19.30

Miðaverð: 3.500 kr.

Verðlaunasýning frá Sviss í leikstjórn Þorleifs Arnar Arnarssonar

# Pétur Gautur

Verðlaunasýning frá Luzerner Theater, Sviss. Pétur Gautur er mögnuð sýning ungs íslensks leikstjóra, sem hlotið hefur mikla athygli í Evrópu. Sýningin var frumsýnd í Luzern í Sviss haustið 2010 og fékk strax frábærar viðtökur. Uppsetningin var í lok leikársins valin besta þýskumælandi sýning ársins á Nachkritik.de af gagnrýnendum og áhorfendum. Þetta mikla verk um leitina að sjálfum sér í barningi lífsins, um lífslygina og þrjóskuna í blekkgunni á mikið erindi við Ísland um þessar mundir.

Þorleifur Örn lauk leiklistarnámi frá LHÍ og leikstjórnarnámi frá Ernst Busch leiklistarskólanum í Berlín árið 2005 og hefur vakið athygli sem leikstjóri í hinum þýskumælandi heimi, á Íslandi og víðar. Leikhópurinn er svissneskur en þrír íslenskir listamenn unnu að sýningunni með Þorleifi í Sviss, þau Vytautas Narbutas leikmyndahöfundur, Filippia I. Elísdóttir búningahöfundur og Símon Birgisson sem sá um vídeó og hljóð. Sýningin er leikin á þýsku með íslenskum texta. Íslensk þýðing Karl Ágúst Úlfsson.

Sýningin Pétur Gautur er samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Þjóðleikhússins.

**Peer Gynt** is a powerful production by a young Icelandic director, Þorleifur Örn Arnarsson, which has garnered a lot of attention in Europe. It was premiered in Luzern, Switzerland, in the fall of 2010 and immediately received outstanding praise. This impressive story, about the search for one's self through the struggles of life, self-illusion and the stubbornness of deceit has a strong resonance in recent times.

*National Theatre,  
May 30, 7:30 pm.*

  
Íslandsbanki





Metnaðarfull sýning fjögurra norrænna leikhúsa

# Bræður - fjölskyldusaga

Bræður – fjölskyldusaga er viðamiklætt verkefni í samstarfi Vesturports, Borgarleikhússins, Borgarleikhússins í Malmö og Teater Får302 í Kaupmannahöfn. Íslendingum gefst kostur á að fylgja þessu metnaðarfulla verkefni úr hlaði á Listahátíð í vor þar sem ferðalag þessarar norrænu uppfærslu verksins hefst í flutningi leikara frá Íslandi, Danmörku og Svíþjóð. Í kjölfarið fer sýningin til Malmö, Kaupmannahafnar og Washington.

Sýningin verður frumsýnd á íslensku í upphafi næsta leikárs í Borgarleikhúsinu með íslensku leikaraliði. Höfundar verksins eru hinn virti bandaríski handritshöfundur Richard Lagravenese og Gísli Örn Garðarsson, sem jafnframt leikstýrir verkinu. Leikmyndahönnuður sýningarinnar er Börkur Jónsson og tónlistina semja hinir þekktu dönsku jazztónlistarmenn Cæcilie Norby og Lars Danielson. Einn ástsælasti leikari Dana, Waage Sando, er í burðarhlutverki ásamt Birni Hlyni Haraldssyni, Ólafi Darra Ólafssyni, Víkingi Kristjánssyni og Jóhönnu Vigdísí Arnardóttur, en alls taka um 14 leikarar frá Svíþjóð, Danmörku og Íslandi þátt í sýningunni. Sýningin er leikin á dönsku, íslensku og sænsku með íslenskum texta.

Verkið er styrkt af Norræna menningarsjóðnum.



**Bastard – A Family Chronicle** is a story dealing with a dysfunctional family, of a father, his four sons and their partners. In order to create the stage event of the year 2012 Malmö City Theatre, trendsetting Theatre Får302 in Copenhagen, Reykjavik City Theatre and the award winning touring theatre Vesturport from Iceland have united in a substantial and unique pan-Nordic collaboration. *Bastard – a family chronicle* is written by script-writer Richard Lagravenese in collaboration with director Gísli Örn Garðarsson.

*Reykjavik City Theatre,  
June 1 & 2, 8 pm.*





Þjóðleikhúsið, Kúlan  
20., 21., 22., og 26. maí  
Miðaverð: 2.500 kr.

# Gamli maðurinn og hafið

## Brúðusýning fyrir fullorðna eftir Bernd Ogrodnik

„Maðurinn er ekki skaptur til að brotna, maðurinn bognar en brotnar ekki.“

Bernd Ogrodnik heillaði Listahátíðargesti árið 2006 með frumsýningu hins byltingarkennda leikrits Metamorphosis sem síðan hefur ferðast um heiminn við frábærar undirtektir. Hann færir nú sígilda sögu Hemingway á svið í fyrsta skipti í íslensku leikhúsi með brúðuleiksýningu fyrir fullorðna. Handrit, brúðugerð, sviðsmynd og flutningur: Bernd Ogrodnik. Leikstjóri: Þórhallur Sigurðsson. Sögumaður: Egill Ólafsson. Íslensk þýðing: Ásdís Þórhallsdóttir. Að sýningunni standa Brúðuheimar í samstarfi við Þjóðleikhúsið.

### The Old Man and the Sea.

Ernest Hemingway's classic tale of an epic fight retold through the poetic means of Puppet Theatre by Bernd Ogrodnik. During the 2006 Reykjavík Arts Festival Bernd Ogrodnik mesmerized audiences with the premiere of his groundbreaking show Metamorphosis, which has since traveled the globe to great acclaim. In his version of The Old Man and the Sea Ogrodnik continues his project of presenting Puppet Theatre for an adult audience.

National Theatre,  
May 20, 21, 22 & 26.

# Glymskrattinn

## Danstónleikar

Þjóðleikhúskjallaranum verður breytt í rafmagnaðan danstónleikastað í þessu nýja íslenska sviðsverki. Glymskrattinn er danstónleikar þar sem báðir miðlar eru í forgrunni en það er Valdimar Jóhannsson tónlistarmaður í Reykjavík!, Lazyblood og 9/11 sem vinnur að verkinu ásamt dönsurunum og danshöfundunum Melkorku Sigríði Magnúsdóttur og Sigríði Soffíu Nielsdóttur. Glymskrattinn leggur sig í líma við að bregða nýju ljósi á sviðsframkomu og þekkt dansspor í poppkúltúr samtímans í kraftmikilli og nýstárlegri leikhúsupplifun sem vindur fram á jafnvægislá tónleika og dans.

**The Jukebox.** In this new Icelandic stage performance, The National Theatre Cellar will be turned into an electric concert venue. The Jukebox attempts to find a new angle on music performances and well-known dance routines in pop culture with a powerful and daring theatre experience, balancing on the edge of dance and music. The Jukebox is a dance-concert where both mediums are treated as equals. The performance is created by dancers/choreographers Melkorka Sigríður Magnúsdóttir and Sigríður Soffía Nielsdóttir, along with Valdimar Jóhannsson, a member of the bands Reykjavík!, Lazyblood and 9/11.

National Theatre Cellar,  
May 23 & 25 June 1, 2 & 3.

Þjóðleikhúskjallarinn  
23. og 25. maí, 1., 2., og 3. júní

Miðaverð: 2.500 kr.

# Ljóðatónleikar Christoph Prégardien Ulrich Eisenlohr, píanó

Einn fremsti ljóða- og óratoríu-söngvari heims flytur valin ljóð Schubert og Schumann ásamt Ulrich Eisenlohr píanóleikara. Það er mikill fengur í komu þeirra hingað til lands, en auk ljóðatónleikanna á Listahátíð halda þeir Master Class fyrir söngvara og píanóleikara. Þýski tenórsöngvarinn Christoph Prégardien er hátt skrifaður lýrískur tenór og mikils metinn kennari, sem hefur unnið mikið frumkvöðlastarf í útbreiðslu kammertónlistar.

Píanóleikarinn Ulrich Eisenlohr hefur einnig sérhæft sig í kammertónlist og hefur skipað sér virðingarsess á löngum ferli sínum sem konsertpíanisti og meðleikari í Evrópu, Ameríku og Japan. Eisenlohr er listrænn stjórnandi og píanóleikari í heildarútgáfu NAXOS á ljóðum Schubert.

Listahátíð mun í samstarfi við Félag íslenskra söngkennara (FÍS), standa fyrir Master Class með þeim Prégardien og Eisenlohr í Hörpu, Kaldalóni, þriðjudaginn 29. maí frá kl. 10-17.

## Efnisskrá:

Á fyrri hluta tónleikanna flytja þeir níu ljóðasöngva eftir Franz Schubert við ljóð Ernst Schulze. Þar á meðal eru glæsileg lög eins og Auf der Bruck og Über Wildemann og Im Frühling sem er meðal fegurstu ljóðasöngva Schuberts.

Á síðari hluta tónleikanna flytja þeir ljóðaflokkinn Liederkreis op. 39, eftir Robert Schumann við ljóð Joseph von Eichendorff.

**Christoph Prégardien & Ulrich Eisenlohr - Lieder Recital.** The festival is proud to present the German tenor Christoph Prégardien and pianist Ulrich Eisenlohr with a Lieder recital. Prégardien & Eisenlohr will in addition to the recital give Master Classes for pairs of singers and pianists on May 29th from 10am to 5pm in Harpa, Kaldalón Hall.

*Harpa, May 27, 3 pm.*

Master Class fyrir söngvara og píanóleikara,  
sjá [www.listahatid.is](http://www.listahatid.is)





**Þjóðleikhúsið, Stóra svið**  
**mánudaginn 21. maí kl. 12-24**  
*Miðaverð: 1.000 kr.*

# Bliss

## Ragnar Kjartansson og hópur listamanna



Bliss er tólf klukkustunda langt myndbandsverk af sviðssetningu á lokaári Brúðkaups Fígarós. Verkið er ein samfelld taka af gjörningi listamannsins sem hann flutti á myndlistartværingnum **Performa 11** í New York í nóvember síðastliðnum ásamt stórum hópi óperusöngvara og hljómsveitar Myndbandsverk, sem er upptaka af gjörningnum, verður sýnt í fullri lengd á tjaldi á Stóra sviði Þjóðleikhússins og geta gestir komið og farið að vild meðan á sýningunni stendur. Bliss hlaut Malcolm McLaren verðlaunin

í kjölfar flutningsins og veitti Ragnar þeim viðtöku úr hendi tónlistarmannsins Lou Reed.

**Bliss - A Performa Commission for Performa 11.** Artist **Ragnar Kjartansson** presented a twelve-hour long performance at Performa 11 in New York in November last year, together with a large group of musicians. The performance repeated the delirious final aria of Mozart's 1786 opera *The Marriage of Figaro*, and received the biennial's Malcolm McLaren Award. A full-length video recording of the performance will be screened at the Reykjavík Arts Festival on the Main Stage of the National Theatre. During the twelve hour screening the audience is welcome to wander in and out of the venue.

*National Theatre,  
May 21, noon to midnight.*

## Visions de l'Amen - Verk fyrir tvö píanó eftir Olivier Messiaen

# Anna, Tinna og tveir flyglar



Tveir okkar fremstu píanóleikarar, Anna Guðný Guðmundsdóttir og Tinna Þorsteinsdóttir leiða saman flygla sína og flytja verk eftir eitt af uppáhaldstónskáldum sínum. Það eru mikil gleðitíðindi að verk Olivier Messiaen, *Visions de l'Amen*, skuli loksins flutt á Íslandi nú þegar tuttugu ár eru liðin frá dauða hins framsækna franska tónskálds. Verkið skiptist í sjö kafla sem hver um sig nálgast á sinn hátt merkingu hins heilaga orðs Amen. Saman mynda píanóin einkonar slagverks- hljómsveit þar sem heyra má óm af Gamelan bjöllum, fuglasöng, gregoríönskum söng og pentatóník. Árni Heimir Ingólfsson tónlistarfræðingur flytur stuttan inngang fyrir tónleikana og gefur tónleikagestum innsýn í litríkan tónheim Messiaen.

**Anna, Tinna and two Grand Pianos.** Two of our greatest pianists, Anna Guðný Guðmundsdóttir and Tinna Þorsteinsdóttir, perform the magical, colourful, and spiritual piece *Visions de l'Amen* by Oliver Messiaen. Árni Heimir Ingólfsson, musicologist, will give a short introduction on Messiaen before the performance, giving the audience a view of the composer's colourful sound world.

*Harpa, June 3, 11:30 pm.*

**Harpa, Norðurljós**  
**sunnudaginn**  
**3. júní kl. 11.30**  
*Miðaverð: 2.900 kr.*



# Sinfóníuhljómsveit Íslands, einsöngvarar og kórar frumflytja á Íslandi Rómeó og Júlíu eftir Hector Berlioz **Rómeó og Júlía**

Fjöldi ógleymanlegra tónverka hefur orðið til undir áhrifum af harmleikjum Shakespeares. Eitt hið stærsta og óvenjulegasta er Rómeó og Júlía eftir franska meistarann Hector Berlioz, sem hann kallaði „dramatíska sínfóníu“. Hér er sínfóníuformið teygð í ýmsar áttir svo úr verður eins konar bræðingur hljómsveitarverks og óperu. Þetta einstaklega frumlega og forvitnilega verk er nú flutt í fyrsta sinn á Íslandi. „Hversu ákaft lifði ég meðan á tónsmíðunum stóð; af hvílíkri áfergju sigldi ég yfir hið mikla haf ljóðlistarinnar, undir hlýjum geislum þeirrar elskandi sólar sem Shakespeare hafði tundrað“, skrifaði Berlioz fullur andagiftar þegar tónsmíðinni var lokið.

**Stjórnandi:** Ilan Volkov

**Einsöngvarar:** Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, Sveinn Dúa Hjörleifsson, Nicolas Cavallier

**Kórar:** Hljómeyki, Kór Áskirkju, Söngsveitin Fílharmónía

**Kórstjóri:** Magnús Ragnarsson

**Hector Berlioz: Roméo et Juliet performed by the Iceland Symphony Orchestra, soloists and choirs.** For the first time, Iceland will see a performance of Romeo and Juliet by French virtuoso Hector Berlioz. This unique and fascinating composition challenges the symphonic form, resulting in a fusion of orchestral work and opera. Sveinn Dúa Hjörleifsson has attracted admiration for his gorgeous tenor voice and Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir has a number of singing awards to her name. French bass Nicolas Cavallier sings the part of Friar Laurence, arriving directly from his performance of the same part at the Paris Bastille Opera. Conducted by Ilan Volkov.

*Harpa, May 25, 7:30 pm.*



# (I)ndependent people Collaborations and Artist Initiatives

## „Sjálfstætt fólk“ Myndlist á Listahátíð 2012

### „Sjálfstætt fólk“

er viðamikjó og metnaðarfullt alþjóðlegt myndlistarverkefni sem leggur undir sig mikinn fjölda sýningarrýma, sýningarsala, safna og opinberra staða í Reykjavík og víðar á Listahátíð og fram eftir sumri. Í verkefninu „Sjálfstætt fólk“ er lögð áhersla á samtímamyndlist frá Norðurlöndunum og víðar. Í þessu yfirgripsmikla verkefni taka þátt 29 samstarfshópar listamanna sem samtals telja yfir 100 þátttakendur. Í hópunum eru listamenn frá Íslandi og öllum Norðurlöndunum, Litháen, Bretlandi, Frakklandi, Bandaríkjunum og víðar. Verkefninu er stjórnað af sænska sýningarstjóranum og heimspekingnum Jonatan Habib Engqvist en sýningin verður að veruleika í krafti víðtæks samstarfs fjölda safna, sýningar-sala, stofnana og listamannarekinna sýningarrýma. Meðal sýningarstaða eru Listasafn Reykjavíkur, Listasafn Íslands, Norræna húsið, Kling & Bang, Nýlistasafnið, SÍM og Listasafn ASÍ auk fjölda óhefðbundinna rýma og almenningsrýma í Reykjavík.

**Sýningarnar opna allar laugardaginn 19. maí og fjöldi viðburða verður á dagskrá frá morgni til kvölds á sýningarstöðunum. Sunnudaginn 20. maí verður haldið alþjóðlegt málþing í Norræna húsinu með þátttöku lista- og fræðimanna.**

„Sjálfstætt fólk“ varpar fram þeirri spurningu hvort, og þá hvernig, samvinna getur orðið til í þrotlausum samningaviðræðum á milli andstæðra hugmynda og langana, og um leið veitt svigrúm fyrir óvæntar og byltingarkenndar athafnir. Jafnvægisgangin á milli þess að ná stjórn á kerfum, móta samninga, festa í sessi viðmið og veita svigrúm fyrir breytingar er miðlæg í þessari sýningu og tengist náið ýmsum eiginleikum vinnu í samstarfs-hópi og einstaklingsframtaki listamannsins. Á meðan á sýningunni stendur verður mörgum verkefnum ýtt úr vör og í sumum tilvikum er alls óvíst hverjar niðurstöðurnar verða.

Allir listamennirnir sem taka þátt í sýningunni eru virkir í samstarfsverkefnum til lengri eða skemmri tíma. Samstarfs-

hópar listamanna, samstarfsverkefni, listasmíðjur og vistaskipti fela í sér tækifæri til þróttmikillar rannsóknar á huglægni og höfundarrétti listamannsins. Uppbyggingu, tilgangi og helstu áherslum sýningarinnar mætti lýsa, með hliðsjón af bæði efnistöfum og viðfangsefni, sem „þriðja rýminu“. Með því að setja „sjálfstæðið“ í gæsalappir og afsala sér um leið höfundarrétti að einhverju tilteknu, listrænu viðfangi skapast þessi sérstæða óvissa sem ryður brautina fyrir aðra og nýja sjálfsmýnd, þar sem svæðið sem myndast á milli hinna ýmsu samstarfsaðila getur breyst í vettvang fyrir félagslegar og menningarlegar breytingar, „umhverfis sjálfsmýndir“, einhvers staðar inni á milli áður skilgreindra eininga. Nokkrir hópar, margir þeirra hópar sem hafa verið kallaðir „óhefðbundnir“ eða „óháðir“, munu takast á við spurningar er varða uppbyggingu hins miðlaða (lista)heims og mynda í sameiningu farveg sem ekki er mótaður mjög skýrum dráttum. Með því að leitast við að stíga út úr hlutverki fulltrúa tiltekinnar þjóða og forðast hugtök eins og „almennings“ og „einka“, „höfundur“ og „áhorfendur“, myndast samhengi sem býður upp á samræðu frá mörgum sjónarhornum um eitthvað sem er okkar allra. Með því að lýsa stað sem liggur mitt á milli huglægni, hugmyndafræði, áhugamála og kerfa gæti tíma-bundna rýmið sem mun skapast í Reykjavík orðið vettvangur fyrir hugmyndir sem spretta upp af ímyndunaraflinu og sem má rannsaka og þróa. Þessa stöðu má vel kalla tvíræða og illskilgreinanlega, en það eru einmitt oft þeir eiginleikar sem gera list samtímans þess megnuga að vekja með okkur nýja von.

### Sýningarstjóri: Jonatan Habib Engqvist

Sænski sýningarstjórinn Jonatan Habib Engqvist er menntaður í heimspeki, byggingarlist og fagurfræði og er, auk þess að starfa við sýningarstjórn, rithöfundur, ritstjóri og fyrirlesari. Hann hefur tekið þátt í mörgum alþjóðlegum og þverfaglegum samstarfsverkefnum. Jonatan hefur sérstakan áhuga á tengslum myndlistar og arkitektúrs og rýminu á milli vinnu-stofu listamannsins og sýningarstaða.

**Verkefnisstjóri:** Kristín Scheving



Fylgstu með verkefningu  
og listamannablogginu á:  
[www.independentpeople.is](http://www.independentpeople.is)

Follow the project  
and artists' blogs on:  
[www.independentpeople.is](http://www.independentpeople.is)

**(I)ndependent People  
is a large-scale collaborative international visual arts  
project. It encompasses many of Reykjavík's exhibition  
spaces, museums, galleries and public space during the  
Reykjavík Arts Festival and throughout the summer.**

Focusing on contemporary visual art from the Nordic and Baltic Region, the project brings together 29 artist-collectives with the collaboration of over 100 participants. (I)ndependent People is curated by Swedish curator and theorist Jonatan Habib Engqvist. Venues include Reykjavík Art Museum, The National Gallery of Iceland, The Nordic House, Kling & Bang, The Living Art Museum, The Icelandic Sculpture Association and ASÍ Art Museum, together with public spaces in Reykjavík and off-site events.

**Saturday May 19 is dedicated to openings of the  
exhibitions with receptions and events at the venues  
from morning to evening and Sunday May 20 hosts  
an international seminar.**

Made possible through exchange and collaborative undertakings between a cluster of museums, galleries, artist-run spaces and institutions—the construction, intention and focus of the exhibitions can both thematically and performatively be described as a "Third Space". Similarly, putting the "I" in parenthesis by giving up the authorship of a singular artistic Subject can create the specific uncertainty that makes another, hybrid identity possible; where the in-between of collaboration can become a site for social and cultural change, around identities, between defined singularities.

(I)ndependent People asks if and how collaboration can operate in continual negotiation between contesting ideas and desires, and yet allow unplanned and transformative action. The balancing act of remaining between controlling structures, formalising agreements, constituting norms and allowing change is central to the exhibition and closely connected to aspects of collective practices and artist-

initiatives. Several projects will be realised during the course of the exhibitions, some with uncertain results. Often labeled "alternative" or "independent", several participating groups at once address questions concerning the structure of a mediated (art) world and constitute a vessel without sharp contours. By attempting to move beyond national representations, concepts of public and private, author and audience; this context provides a nuanced discourse about something common. In describing a place between subjectivities, ideologies, interests and structures, the temporary in-between space created in Reykjavik can serve as a platform for ideas to be imagined, examined and constructed. This position can be portrayed as ambiguous and indefinable, but these very qualities often make contemporary art worth putting our hopes to.

**Curator: Jonatan Habib Engqvist**

With a background in philosophy, architectural and aesthetic theory, Jonatan Habib Engqvist is a Swedish curator, writer, editor and lecturer. Engqvist has been engaged in several international interdisciplinary and collective projects. Engqvist is particularly interested in socially engaged art and architecture and the relationship between the studio and the exhibition space.

**Project Manager: Kristín Scheving**

1857. A Kassen. Anonymous. AIM Europe. Box. Endemi.  
Goksøyr & Martens. The Icelandic Love Corporation.  
IC-98. Institutt for Degenerert Kunst. Jóna Hlíf Halldórs-  
dóttir & Hlynur Hallsson. Kling & Bang. Learning Site  
(Rikke Luther & Cecilia Wendt) with writer Jaime  
Stapleton. M.E.E.H. Nomedas & Gediminas Urbonas + MIT  
4.333. Melissa Dubbin & Aaron S. Davidson. No Gods  
No Parents (UKS). NÝLÓ + Archive of Artist Run Initiatives.  
Raflost & Steina. Sofia Hultén & Ivan Seal. Superflex.  
The Artist Formerly Known as Geist. The Awareness  
Muscle Team. The Leyline Project (Steingrímur Eyfjörð  
& Ulrika Sparre). Elin Strand Ruin and The New Beauty  
Council (NBC), Thérèse Kristiansson + Mariana Alves  
& Katarina Bonnevier. Torpedo. Útúrdúr. Wooloo.



# Opnanir Openings

Laugardagur Saturday 19.05. 2012

10:00

Litla kaffistofan  
on Suðurlandsvegur

11:00

Listasafn Árnesinga  
LÁ Art Museum

13-15

Listasafn Íslands  
The National Gallery  
of Iceland  
Norræna húsið  
The Nordic house

14-16

Myndhöggvarafélag Íslands  
The Icelandic  
Sculptural Association  
i8  
i8 gallery

15-17

Listasafn Reykjavíkur,  
Hafnarhús  
Reykjavik Art Museum,  
Hafnarhús

16-18

Listasafn ASÍ  
ASÍ Art Museum

17-19

Kling & Bang  
Kling & Bang, gallery  
NÝLÓ  
NÝLÓ The Living Art Museum

21:00

Listasafn Reykjavíkur,  
Hafnarhús – Portið  
Reykjavik Art Museum,  
Hafnarhús – Courtyard

# Sýningarstaðir og-tímar Exhibition space & time

Listasafn Reykjavíkur,  
Hafnarhús  
Reykjavik Art Museum,  
Hafnarhús

19.05 – 02.09.

Anonymous.  
Elin Strand-Ruin  
& The New Beauty Council.  
Goksøyr & Martens.  
Institut for Degeneret Kunst.  
Jóna Hlíf Halldórsdóttir  
& Hlynur Hallson.  
Kling og Bang.  
Nomeda & Gediminas Urbonas  
MIT + 4.333.  
Raflost & Steina.  
The Icelandic Love Corporation.  
The Leyline Project.  
Útúrdúr.

Listasafn ASÍ  
ASÍ Art Museum

19.05. – 01.07.

IC-98.  
Rúri + Gunlaugur M. Einarsson.  
Wooloo.

Listasafn Íslands  
The National Gallery  
of Iceland

19.05. – 02.09.

AIM Europe.  
Box.  
IC-98 (Mikael Brygger  
& Henriikka Tavi).  
No Gods, No Parents (UKS).  
NÝLÓ + Archive of Artist  
Run Initiatives.  
Sofia Hultén & Ivan Seal.

Norræna húsið  
The Nordic house

19.05. – 17.06.

Learning Site.  
Superflex.  
The Awareness Muscle Team.

20.05.

Alþjóðlegt málþing  
(International Seminar).

Myndhöggvarafélag Íslands  
The Icelandic Sculptural  
Association

19.05. – 10.06.

Endemi.

NÝLÓ

The Living Art Museum

19.05. – 15.07.

Melissa Dubbin & Aaron S. Davidson.

Kling & Bang og Kaffistofan  
Kling & Bang, gallery  
& coffee shop

19.05. – 10.07.

1857.  
A Kassen.

Höfði

19.05.

Nomeda & Gediminas Urbonas  
MIT + 4.333.

Valin verk í opinberu  
rými og af vettvangi

Fleira á [www.independentpeople.is](http://www.independentpeople.is)

Selected public spaces  
and off-site events

More on [www.independentpeople.is](http://www.independentpeople.is)

Litla kaffistofan

19.05.

The Artist Formerly Known as Geist.

Miðborg Reykjavíkur  
Reykjavik City Centre

19.05.

Learning Site.  
The New Beauty Council.

SÍM húsið

SÍM-house

19.05. – 03.06.

M.E.E.H.

i8 gallery

19.05. – 30.06.

Margrét Blöndal & Silvia Bächli,  
sýningarstjóri (curator):  
Chris Fite-Wassilak.

Listasafn Árnesinga

LÁ Art Museum

19.05. – 01.07.

Horizonic, sýningarstjórar (curators):  
Emeline Eudes & Ásdís Ólafsdóttir.





# ICELAND EXPRESS IS A PROUD SPONSOR OF REYKJAVIK ARTS FESTIVAL

Iceland Express 



(+354) 5 500 600 | [www.icelandexpress.com](http://www.icelandexpress.com)

## Dieter Roth

18. maí – 3. júní

Opnun föstudaginn 18. maí kl. 17-19  
Opening Friday, May 18th, 5-7 pm



LISTIUNASALA  
**fold**

RAUÐARÁRSTÍGUR 14 · SÍMI 551 0400 · [WWW.MYNDLIST.IS](http://WWW.MYNDLIST.IS)

OPIÐ/OPEN 10-18 • LAUGARDAGA/SATURDAYS 11-16 • SUNNUDAGA/SUNDAYS 14-16

LISTAVERKASAFNARINN FRÁ **Canon**



LAUSNIR FYRIR LISTRÆNT FÓLK

Nýherji hf. | Sími 569 7700 | [www.netverslun.is](http://www.netverslun.is)

  
**NÝHERJI**

BETRI LAUSNIR



